

Sp.

593. Nefndarálit

[21. mál]

um till. til þál. um að leggja niður starfsemi Ríkismats sjávarafurða.

Frá minni hl. atvinnumálanefndar.

Það er greinilegt að meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar eins og fram kemur í frávisunartillögu hans að ríkisstjórnin sé engan veginn reiðubúin til þess að breyta starfsháttum sínum, t. d. með því að draga úr miðstýringu og opinberum tilkostnaði og með því að hætta afskiptum af verðlagningu vöru í viðskiptum milli aðila.

Það hlýtur að teljast eðlilegra að það gæðamat, sem notað er við verðlagningu vöru, sé samningsatriði milli kaupenda og seljenda hennar. Undirrituð leggur þess vegna til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. mars 1985.

Kristín S. Kvaran.